

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1913.

Lög um ábyrgðarfjelög, undirskrifuð af konungi 22. nóvember 1913.

Siglingalög, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um sjóðóma og rjettarfar í sjómálum, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um vatnsveitingar, undirskrifuð af konungi s. d.

Girðingalög, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um hvalveidamenn, undirskrifuð af konungi s. d.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um breyting á sóknaskipun í Kolfreyjustaðar- 115 prestakalli. 24. nóv.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og ályktun hjeraðsfundarins í Suður-Múlaprófastsdæmi, skal stjórnarráðið samkvæmt meðmælum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 14. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hjermeð veita leyfi til þess, að núverandi Kolfreyjustaðarsókn skiftist í 2 sóknir, Kolfreyjustaðarsókn og Búðasókn, með þessum nánari ákvæðum:

1. Að Búðasókn nái frá Kappeyri (Gilsá) og að Eyri (Selá), en að Kolfreyjustaðarsókn sje hinn hluti prestakallsins.
2. Að Kolfreyjustaðarkirkja láti af hendi þann hluta sjóðs hennar til hinnar fyrirhuguðu Búðakirkju, sem eftir verður, þegar búið er að taka af honum þá upphæð, sem samsvarar þeim kostnaði við kirkjuna, sem samþykktur var á safnaðarfundi 2. júní 1912.
3. Að sóknarskiftingin teljist frá síðastliðnum fardögum, að því er greiðslu kirkjugjaldsins snertir.
4. Að hin nýja Búðasókn hafi komið sjer upp kirkjuhúsi fyrir árslok 1914.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um endurveitingu 116 á hlunnindum fyrir Sparisjóð Glæsibæjarhrepps. 28. nóv.

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá forstöðunefnd Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps, vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sparisjóði um næstu 5 ár frá 1. janúar 1914 að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um